

## AUGLÝSING

### um tvær bókanir frá árinu 2016 um breytingar á samþykktinni um alþjóðaflugmál (Chicago-samninginn).

Hinn 15. júlí 2021 voru aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna tveggja bókana sem gerðar voru í Montreal 6. október 2016, um breytingar á samþykktinni um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944 (Chicago-samninginn), sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 49 þar sem samningurinn er birtur, og 50, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1975, 8/1979, 1/1981, 1/1988, 10/1990, 21/1992, 17/1997, 10/2002, 44/2002, 56/2004, 2/2005, 3/2005 og 6/2005.

Bókanirnar breyta a-lið 50. gr. og 56. gr. samþykktarinnar og eru birtar sem fylgiskjal 1 og 2 með auglýsingu þessari.

Tilkynnt verður um gildistöku bókananna síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 8. maí 2024.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.**

## BÓKUN

## UM BREYTINGU Á a-LIÐ 50. GR. CHICAGO-SAMNINGSINS

## UM ALÞJÓÐLEGT ALMENNINGSFLUG.

Undirrituð 6. október 2016 í Montreal

ÞING ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNARINNAR

SEM KOM SAMAN til 39. fundar í Montreal 1. október 2016,

SEM HEFUR VEITT ÞVÍ ATHYGLI að stór hluti samningsríkja óskar þess að fjölga sætum í ráðinu til þess að tryggja betra jafnvægi með auknum fjölda fulltrúa samningsríkjanna,

SEM TELUR að rétt sé að fjölga sætum í ráðinu úr þrjátíu og sex í fjörutíu,

SEM TELUR nauðsynlegt að breyta samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem gerður var í Chicago 7. desember 1944 í áðurnefndum tilgangi,

1. SAMÞYKKIR, í samræmi við ákvæði a-liðar 94. gr. fyrrnefnds samnings, eftirfarandi tillögu um breytingu á honum:  
„Í a-lið 50. gr. Chicago-samningsins skal öðrum málslíð breytt og „fjörutíu“ koma í stað „þrjátíu og sex“.“
2. TILGREINIR, í samræmi við ákvæði áðurnefnds a-liðar 94. gr. samningsins, að eitt hundrað tuttugu og átta samningsríki skuli þurfa að fullgilda áðurnefnda breytingartillögu til þess að hún öðlist gildi,
3. ÁLYKTAR að aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skuli semja bókun á ensku, arabísku, kínversku, frönsku, rússnesku og spænsku og skuli allir textarnir jafngildir og hafa að geyma áðurnefnda breytingu og það sem hér fer á eftir:
  - a) Forseti þingsins og aðalframkvæmdastjóri skulu undirrita bókunina.
  - b) Bókunin skal liggja frammi til fullgildingar af hálfu sérhvers ríkis sem hefur fullgilt áðurnefndan Chicago-samning um alþjóðlegt almenningsflug eða gerst aðili að honum.
  - c) Skjöl um fullgildingu skulu afhent Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu.
  - d) Bókunin skal öðlast gildi gagnvart þeim ríkjum sem hafa fullgilt hana þann dag þegar eitt hundrað tuttugasta og áttunda skjalið um fullgildingu er þannig afhent til vörslu.
  - e) Aðalframkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna öllum samningsríkjum um þann dag er hvert skjál um fullgildingu bókunarinnar er afhent til vörslu.
  - f) Aðalframkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna öllum samningsríkjum áðurnefnds samnings um þann dag þegar bókunin öðlast gildi.
  - g) Að því er varðar sérhvert samningsríki, sem fullgildir bókunina eftir fyrrgreindan dag, skal bókunin öðlast gildi þegar skjál þess um fullgildingu er afhent Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu.

VEGNA ÞESSA, í samræmi við áðurnefnda gerð þingsins,

hefur aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar samið bókun þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU undirrita forseti og aðalframkvæmdastjóri áðurnefnds 39. fundar þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem til þess hafa umboð þingsins, bókun þessa.

Gjört í Montreal 6. október 2016 í einu eintaki á ensku, arabísku, kínversku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir. Bókun þessi skal varðveitt í skjalasafni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skal aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar senda öllum samningsríkjum samningsins um alþjóðlegt almenningsflug, sem var gerður í Chicago 7. desember 1944, staðfest afrit af henni.

A. Abdul Rahman forseti 39. fundar þingsins

F. Liu  
aðalframkvæmdastjóri

PROTOCOL  
RELATING TO AN AMENDMENT TO ARTICLE 50(a) OF THE  
CONVENTION ON INTERNATIONAL CIVIL AVIATION

Signed at Montréal on 6 October 2016

THE ASSEMBLY OF THE INTERNATIONAL CIVIL AVIATION ORGANIZATION

HAVING MET in its Thirty-ninth Session at Montréal on 1 October 2016,

HAVING NOTED that it is the desire of a large number of Contracting States to enlarge the membership of the Council in order to ensure better balance by means of an increased representation of Contracting States,

HAVING CONSIDERED it appropriate to increase the membership of that body from thirty-six to forty,

HAVING CONSIDERED it necessary to amend, for the purpose aforesaid, the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944,

1. APPROVES, in accordance with the provisions of Article 94(a) of the Convention aforesaid, the following proposed amendment to the said Convention:  
    ‘‘In Article 50(a) of the Convention the second sentence shall be amended by replacing ‘thirty-six’ by ‘forty’.’’;
2. SPECIFIES, pursuant to the provisions of the said Article 94(a) of the said Convention, one hundred and twenty-eight as the number of Contracting States upon whose ratification the proposed amendment aforesaid shall come into force;
3. RESOLVES that the Secretary General of the International Civil Aviation Organization draw up a Protocol, in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, each of which shall be of equal authenticity, embodying the amendment above-mentioned and the matter hereinafter appearing:
  - a) The Protocol shall be signed by the President of the Assembly and its Secretary General.
  - b) The Protocol shall be open to ratification by any State which has ratified or adhered to the said Convention on International Civil Aviation. The instruments of ratification shall be deposited with the International Civil Aviation Organization.
  - c) The instruments of ratification shall be deposited with the International Civil Aviation Organization.
  - d) The Protocol shall come into force in respect of the States which have ratified it on the date on which the one hundred and twenty-eighth instrument of ratification is so deposited.
  - e) The Secretary General shall immediately notify all Contracting States of the date of deposit of each ratification of the Protocol.
  - f) The Secretary General shall immediately notify all Contracting States to the said Convention of the date on which the Protocol comes into force.
  - g) With respect to any Contracting State ratifying the Protocol after the date aforesaid, the Protocol shall come into force upon deposit of its instrument of ratification with the International Civil Aviation Organization.

CONSEQUENTLY, pursuant to the aforesaid action of the Assembly,

This Protocol has been drawn up by the Secretary General of the Organization.

IN WITNESS WHEREOF, the President and the Secretary General of the aforesaid Thirty-ninth Session of the Assembly of the International Civil Aviation Organization, being authorized thereto by the Assembly, sign this Protocol.

DONE at Montréal on the sixth day of October of the year two thousand and sixteen, in a single document in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, each text being

equally authentic. This Protocol shall remain deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization, and certified copies thereof shall be transmitted by the Secretary General of the Organization to all Contracting States to the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944.

A. Abdul Rahman

*President of the Thirty-ninth Session of the Assembly*

F. Liu  
*Secretary General*

**Fylgiskjal 2.**

BÓKUN  
UM BREYTINGU Á 56. GR. CHICAGO-SAMNINGSINS  
UM ALÞJÓÐLEGT ALMENNINGSFLUG.

Undirrituð 6. október 2016 í Montreal

ÞING ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNARINNAR

SEM KOM SAMAN til 39. fundar í Montreal 1. október 2016,

SEM VEITT HEFUR ÞVÍ ATHYGLI að það er almenn ósk samningsríkjanna að fjölga fulltrúum í loftsíglinganefndinni,

SEM TELUR að rétt sé að fjölga fulltrúum í nefndinni úr nítján í tuttugu og einn og

SEM TELUR nauðsynlegt að breyta samningnum um alþjóðlegt almenningssflug sem gerður var í Chicago 7. desember 1944 í áðurnefndum tilgangi,

1. SAMÞYKKIR, í samræmi við ákvæði a-liðar 94. gr. fyrrnefnds samnings, eftirfarandi tillögu um breytingu á honum:  
„Í stað orðalagsins „nítján fulltrúum“ í 56. gr. Chicago-samningsins skal koma „tuttugu og einum fulltrúa“.“
2. TILGREINIR, í samræmi við ákvæði áðurnefnds a-liðar 94. gr. samningsins, að eitt hundrað tuttugu og átta samningsríki skuli þurfa að fullgilda áðurnefnda breytingu til þess að hún öðlist gildi, og
3. ÁLYKTAR að aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skuli semja bókun á ensku, arabísku, kínversku, frönsku, rússnesku og spænsku og skuli allir textarnir jafngildir og hafa að geyma áðurnefnda breytingu og það sem hér fer á eftir:
  - a) Forseti þingsins og aðalframkvæmdastjóri skulu undirrita bókunina.
  - b) Bókunin skal liggja frammi til fullgildingar af hálfu sérhvers ríkis sem hefur fullgilt áðurnefnda Chicago-samning um alþjóðlegt almenningssflug eða gerst aðili að honum.
  - c) Skjöl um fullgildingu skulu afhent Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu.
  - d) Bókunin skal öðlast gildi gagnvart þeim ríkjum sem hafa fullgilt hana þann dag þegar eitt hundrað tuttugasta og áttunda skjalið um fullgildingu er þannig afhent til vörslu.
  - e) Aðalframkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna öllum samningsríkjum um þann dag er hvert skjal um fullgildingu bókunarinnar er afhent til vörslu.
  - f) Aðalframkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna öllum samningsríkjum áðurnefnds samnings um þann dag þegar bókunin öðlast gildi.
  - g) Að því er varðar sérhvert samningsríki, sem fullgildir bókunina eftir fyrrgreindan dag, skal bókunin öðlast gildi þegar skjal þess um fullgildingu er afhent Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu.

VEGNA ÞESSA, í samræmi við áðurnefnda gerð þingsins,

hefur aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar samið bókun þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU undirrita forseti og aðalframkvæmdastjóri áðurnefnds 39. fundar þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem til þess hafa umboð þingsins, bókun þessa.

Gjört í Montreal 6. október 2016 í einu eintaki á ensku, arabísku, kínversku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir. Bókun þessi skal varðveitt í skjalasafni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skal aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar senda öllum samningsríkjum samningsins um alþjóðlegt almenningssflug, sem var gerður í Chicago 7. desember 1944, staðfest afrit af henni.

A. Abdul Rahman forseti 39. fundar þingsins

F. Liu  
aðalframkvæmdastjóri

PROTOCOL  
RELATING TO AN AMENDMENT TO ARTICLE 56  
OF THE CONVENTION ON INTERNATIONAL CIVIL AVIATION

Signed at Montréal on 6 October 2016

THE ASSEMBLY OF THE INTERNATIONAL CIVIL AVIATION ORGANIZATION  
HAVING MET in its Thirty-ninth Session at Montréal on 1 October 2016,

HAVING NOTED that it is the general desire of Contracting States to enlarge the membership of the Air Navigation Commission,

HAVING CONSIDERED it proper to increase the membership of that body from nineteen to twenty-one, and

HAVING CONSIDERED it necessary to amend, for the purpose aforesaid, the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944,

1. APPROVES, in accordance with the provisions of Article 94(a) of the Convention aforesaid, the following proposed amendment to the said Convention:  
“In Article 56 of the Convention the expression ‘nineteen members’ shall be replaced by ‘twenty-one members’.”;
2. SPECIFIES, pursuant to the provisions of the said Article 94(a) of the said Convention, one hundred and twenty-eight as the number of Contracting States upon whose ratification the aforesaid amendment shall come into force; and
3. RESOLVES that the Secretary General of the International Civil Aviation Organization shall draw up a Protocol, in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, each of which shall be of equal authenticity, embodying the amendment above-mentioned and the matters hereinafter appearing:
  - a) The Protocol shall be signed by the President of the Assembly and its Secretary General.
  - b) The Protocol shall be open to ratification by any State which has ratified or adhered to the said Convention on International Civil Aviation.
  - c) The instruments of ratification shall be deposited with the International Civil Aviation Organization.
  - d) The Protocol shall come into force in respect of the States that have ratified it on the date on which the one hundred and twenty-eighth instrument of ratification is so deposited.
  - e) The Secretary General shall immediately notify all Contracting States of the date of deposit of each ratification of the Protocol.
  - f) The Secretary General shall immediately notify all Contracting States to the said Convention of the date on which the Protocol comes into force.
  - g) With respect to any Contracting State ratifying the Protocol after the date aforesaid, the Protocol shall come into force upon deposit of its instrument of ratification with the International Civil Aviation Organization.

CONSEQUENTLY, pursuant to the aforesaid action of the Assembly,

This Protocol has been drawn up by the Secretary General of the Organization.

IN WITNESS WHEREOF, the President and the Secretary General of the aforesaid Thirty-ninth Session of the Assembly of the International Civil Aviation Organization, being authorized thereto by the Assembly, sign this Protocol.

DONE at Montréal on the sixth day of October of the year two thousand and sixteen, in a single document in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic. This Protocol shall remain deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization, and certified copies thereof shall be transmitted by the Secretary General of

Nr. 38

8. maí 2024

the Organization to all Contracting States to the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944.

A. Abdul Rahman

*President of the Thirty-ninth Session of the Assembly*

F. Liu

*Secretary General*

---

C-deild – Útgáfudagur: 10. september 2024